



Borgarráð

Tillaga um styrk vegna afmælishátíðar Vigdísar Finnbogadóttur

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða beiðni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum um þriggja milljóna króna styrk vegna afmælishátíðar Vigdísar Finnbogadóttur þann 15. apríl nk.

Greinargerð:

Hinn 15. apríl nk. verður Vigdís Finnbogadóttir 90 ára og þann 29. júní sama ár verða liðin 40 ár frá sögulegu forsetakjöri hennar. Á þessum merku tímamótum munu Háskóli Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í samvinnu við ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg heiðra Vigdísi með því að standa fyrir myndarlegri afmælishátíð í Háskólabíói.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Beiðni um styrk í tilefni af stórafmæli Vigdísar Finnbogadóttur dags. 10. febrúar 2020



Stofnun
VIGDÍSAM FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

10. febrúar 2020

Reykjavíkurborg,
b.t. Dags B. Eggertssonar borgarstjóra
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Óskað eftir stuðningi við afmælishátíð í tilefni af stórafmæli
Vigdísar Finnbogadóttur

Hinn 15. apríl nk. verður Vigdís Finnbogadóttir 90 ára og þann 29. júní sama ár verða liðin 40 ár frá sögulegu forsetakjöri hennar. Á þessum merku tímamótum munu Háskóli Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í samvinnu við ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg heiðra Vigdísu með því að standa fyrir myndarlegri afmælishátíð í Háskólabíói. Hátíðin mun standa í hálfan annan til tvo tíma og verður kappkostað að dagskráin verði vönduð í hvívetna, og að hún höfði til alls almennings, ekki síst ungs fólks. Til þess að sem flestir fái notið hátíðarinnar hefur verið leitað eftir samvinnu við Ríkisútvarpið um beina útsendingu úr Háskólabíói. Skipuð hefur verið 5 manna framkvæmdastjórn með fulltrúum framangreindra aðila, sem hefur verið falið að annast skipulagningu og undirbúning hátíðarinnar. Stjórnin hefur falið Kolbrúnu Halldórsdóttur að verða listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Á næstunni verður haft samband við félagsamtök og stofnanir sem tengjast hugðarefnum Vigdísar og þessum aðilum boðin aðkoma að viðburðinum. Aðstandendur hátíðarinnar munu standa straum af kostnaði við hana, sem er áætlaður á bilinu 14-15 milljónir króna, sjá meðfylgjandi fjárhagsáætlun. Þess er farið á leit við Reykjavíkurborg að hún styrki verkefnið með 3 milljónum króna framlagi.

Með bestu kveðjum,

Auður Hauksdóttir

Auður Hauksdóttir, formaður framkvæmdastjórnar



Stofnun
VIGDÍ SAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

Áætlaður kostnaður við afmælishátíðina

Vinna verkefnisstjóra 4 mánuðir a 800 þúsun (með launategndum gjöldum)	3.200.000
Vinna listræns stjórnanda við skipulagningu dagskrár a 850.000	1.700.000
Aðstaða og tæknaðstoð í Háskólabíói	1.500.000
Ljós- og sviðsmynd	1.000.000
Upptaka og samvinna við RÚV	2.000.000
Áætluð þóknun til listamanna og flytjenda	2.500.000
Vinna aðstoðarfólks í tengslum við viðburðinn 15. apríl	500.000
Kostnaður við sérstaka erlenda boðsgesti	1.000.000
Ófyrirséður kostnaður	<u>1.000.000</u>
Alls krónur	14.400.000

Tekjur

Ríkisstjórn Íslands	5.000.000
Háskóli Íslands	3.000.000
Landsbankinn hefur styrkt SVF með 5 milljóna króna framlagi til að mæta kostnaði við hátíðina og Vigdísarverðlaunin, sem verða veitt í fyrsta sinn við þetta tækifæri.	2.500.000

Á næstunni verður leitað eftir styrk til hátíðarinnar frá fleiri aðilum og/eða fjárframlögum til eflingar Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, þar sem Vigdís er formaður.